

Styrkur til starfsmanna Húnaþings vestra vegna líkamsræktar.

Starfsmaður sem verið hefur starfsmaður sveitarfélagsins samfelld í 12 mánuði fyrir umsókn getur sótt um styrk vegna afnota af Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra.

Styrkurinn getur að hámarki orðið kr. 12.000 á ári, þó aldrei hærri en 50% af útlögðum kostnaði samkvæmt framlögðum reikningum fyrir mánaðar eða árskort á nafni starfsmanns. Styrkurinn hlutfallast miðað við starfshlutfall samkvæmt ráðningarsamningi.

Styrkurinn er einungis ætlaður þeim sem ekki geta sótt sambærilega styrki til síns stéttarfélags. Greiðsla styrksins miðast við almanaksár og er síðasti skiladagur umsóknar vegna hvers árs 15. desember.“

Samþykkt á 940. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra

Staðfest á 285. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra